



Áherslumál

Heildstæð
ungmennastefna
verði lögfest

Það skiptir máli að
styðja við lýðræðislega
þátttöku ungmenna og
ungmennastarf!

Til þess að ráð eins og okkar geti
starfað áfram þarf ykkar stuðning!

Lýðræði og
fjölbreytileiki

Heilbrigðis- og
skólamál

Barna- og
ungmennaráð
heimsmarkmiða
Sameinuðu þjóðanna

Okkar hlutverk er að koma á
framfæri upplifunum og skoðunum
barna og ungmenna á Íslandi.





Skólamál

- Öll börn og ungmenni eiga að hafa jöfn tækifæri til menntunnar. Þau eru mismunandi og með ólíkar þarfir. Við viljum sjá fjölbreytta þjónustu í skólakerfinu fyrir öll börn og ungmenni þar sem þeim er tryggður stuðningur og aðstoð, þ.á.m við skólakvíða, námserfiðleika eða hvað annað sem kemur upp.

Heilbrigðismál

- Við viljum að það sé sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur til staðar í öllum skólum. Slíkt myndi tryggja jafnræði fyrir börn og ungmenni að sækja geð- og heilbrigðisstuðning.
- Við viljum að komið sé á fót skilvirkara greiningakerfi fyrir börn sem þurfa greiningar. Það er ólíðandi að börn þurfi að bíða í marga mánuði eftir sérfræðingum.



Lýðræði

- Við viljum að kosningaaldur sé lækkaður í 16 ára, en slíkt myndi tryggja raunverulega þátttöku ungmenna í lýðræði.
- Þá myndi lækkun kosningaaldurs valdefla ungmenni og styðja við samfélagslega þátttaka.

Fjölbreytileiki

- Það er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að styðja betur við börn og ungmenni af erlendum uppruna. Alltof mörg þeirra standa frammi fyrir misrétti og erfiðleikum í samskiptum við kerfið.
- Það er einnig lykilatriði að styðja við börn og ungmenni af landsbyggðinni. Þau standa ekki jöfn frammi fyrir öðrum varðandi heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu, tómstundaiðkun og svo margt fleira.



Heildstæð ungmennastefna

- Við viljum að ríkisstjórn Íslands skuldbindi sig til þess að mynda heildræna ungmennastefnu og lögfesti hana. Lögfesting víðfemrar ungmennastefnu tryggir lýðræðislega þátttöku ungmenna og að rödd ungmenna heyrist.
- Lögbundin ungmennastefna styður þar að auki við jafnræði á milli ungmenna og traust ungmenna á hinu pólitíska kerfi.
- Ísland er eina landið í Evrópu, fyrir utan Belarús sem ekki hefur lögfest ungmennastefnu. Þetta er óásættanlegt.